

Fangelsin og samfélagið

Fangelsismál eru talsvert í umræðunni í fjölmiðlum hér á landi eins og eðlilegt er. Fyrirferðamest hefur verið umfjöllun götupressunnar um einstök skandalmál og gagnrýni á fangelsisýfirvöld.

En af hverju er umræðan svona einsleit. Er bara frétt næmt slæmur aðbúnaður í fangelsunum, léleg heilbrigðisþjónusta, fíkniefnaneysla, einelti, aðgerðarleysi fanga og önuget starfsfólk fangelsanna. Vita menn ekki af því mikla starfi sem unnið er í fangelsunum þar sem fangaverðir og sérmenntað fólk af ýmsum toga vinnur að markmiðum Fangelsismálastofnunar við það að endurhæfa fanga, gera þá heilbrigðari á sál og líkama til að auka líkur á að þeir geti lifað án afbrota framtíðinni.

Vitneskjan um hið síðarnefnda hefur ekki verið áberandi til þessa hér á landi. Þar á fangelsimálastofnun eflaust talsverða sök enda má segja að stefnan hafi verið að segja ekkert að eigin frumkvæði og svara sem fæstu ef upp hafa komið erfið mál. Almenníngur hefur því litið á fangelsin sem einangraðar stofnanir sem erfitt er að fræðast um, stofnanir sem eru í litlum tengslum við aðrar stofnanir þjóðfélagsins og hið daglega líf. Starfsfólk fangelsanna er ekki sýnilegt eins og ýmsir aðrir opinberir starfsmenn sem vinna í réttarvörslukerfinu t.d. lögreglumenn. Almenníngur myndi þannig seint nefna fangaverði sem aðila sem vinna að því að koma í veg fyrir glæpi og stuðla þannig að öruggu samfélagi. Þó er það þannig að vel menntaðir fangaverðir eru þeir sem hvað helst geta komið í veg fyrir að fangelsisvistin leiði til tjóns fyrir fangana.

Úr þessu þarf að bæta. Á síðasta fundi okkar í Vaxholm í Svíþjóð upplýsti Kistín Bolgen Brunebakke um skoðanakönnun sem framkvæmd var í Noregi þar sem 41% aðspurðra sögðust ekkert vita um hlutverk Fangelsismálastofnunar þar á landi og aðeins rúm 8% þeirra sem eitthvað vissi töldu að stofnunin sinnti starfi sínu sæmilega. Við höfum ekki farið út í slíka skoðanakönnun en vissulega væri fróðlegt að leggja álíka spurningar fyrir Íslendinga og spurt var í Noregi. Ég er hins vegar hræddur um að við mundum ekki skora betur en þeir. Fangelsimálastofnun hélt nýlega blaðamannafund í Fangelsinu Litla-Hrauni, þar sem farið var með fjölmiðlafólk um fangelsið, þeir fengu að ræða við fanga og sjá klefa. Síðan sat ég, forstöðumaður fangelsisins, fulltrúi

fangavarðafélagsins og fulltrúi fanga sameiginlega fyrir svörum. Þessu var afar vel tekið af fjölmiðlum.

Með fangelsisvistun eru fangar tímabundið teknir úr umferð en snúa aftur til hins daglega lífs. Með þeirri vinnu sem unnin er í fangelsunum með menntun og endurhæfingu þeirra er lagður grunnur að því að þeir geti snúið áfallalaust aftur út í samfélagið. Bein tengsl eru á milli þess hvernig þessi vinna tekst til og öryggis hins almenna borgara.

Við vitum að þessi vinna getur ekki eingöngu farið fram í fangelsunum heldur þarf aðstoð þjóðfélagsins í heild að koma til. Við þurfum því á tengslum við aðra að halda. Við eigum að geta sent fanga sem við treystum í skóla utan fangelsis, í vinnu eða á námskeið. Heilbrigðisstofnanir mega ekki verið lokaðar föngum vegna fordóma. Við þurfum að fá fagfólk til að vilja vinna innan fangelsanna. Við þurfum að geta boðið listamenn og aðra þá sem vilja koma með uppbyggilegt efni velkomin í fangelsin.

Fangelsiskerfið er hluti af réttarvörslukerfinu í heild. Fangelsisvirkvöld eiga því að vera beinir þátttakendur í allri umræðu í þjóðfélaginu um slík mál s.s. umræðu um hertar refsingar sem alltaf blossa upp eða breytingar á refsilögum o. m. fl. Fangelsismálastofnun á að hafa á takteiknum aðgengilegt efni um stefnu með refsivistinni og starfið í fangelsunum fyrir skóla auk þess að vera tilbúin að senda fulltrúa til að fræða ef nauðsyn þykir. Þá á stofnunin að standa fyrir ráðstefnum fyrir almenning auk þess að bjóða menntastofnunum aðgang að gögnum og tölulegum upplýsingum til rannsóknarvinnu.

Fangelsi eru taldar nauðsynlegar stofnanir í öllum löndum. En á ekki almenningur að koma að umræðu um hvernig viljum við hafa fangelsin og hvernig viljum við vinna þar. Svo að ég vitni aftur í það sem Kristín Bolgen fræddi okkur um þá töldu 58% aðspurðra í Noregi að endurhæfing væri þýðingarmikil í afplánuninni en aðeins 21% lögðu áherslu á refsipáttinn. Þetta er afar jákvætt og ætti að fylgja eftir með því að upplýsa almenning meira um þennan þátt.

Ekki er til neitt fyrirmyndar fangelsiskerfi heldur er sérhvert kerfi tengt fjárhag, menningu og sögu viðkomandi lands með veikleikum þess og styrkleikum. Eitt sameiginlegt viðmið er þó unnt að hafa og það er sá mælikvarði sem samtök setja um alþjóðleg og innlend mannréttindi og túlkun þeirra á þeim. Þá á ég við stofnanir eins og

Sameinuðu þjóðirnar, Mannréttindadómstól Evrópu, CPT nefndina, Umboðsmann Alþingis o. fl. ´

Á undanförnum árum hefur mikið verið unnið í því að bæta mannréttindi fanga víða um heim. Sumsstaðar hefur þessi vinna skilað árangri og annarsstaðar ekki. Ástæða þess að erfiðlega hefur gengið, er einkum rakin til þess að víða um heim eru vandmálin mörg, bæði efnahagslegs eðlis og stjórnmálalegs. Nýjasta dæmið er orðið “hryðjuverkamaður” til að réttlæta öll frávík.

Réttlætið má ekki enda við rimlana. Óréttlæti sem viðgengst í fangelsum s.s. einelti og fl. má ekki réttlæta með því að þetta séu bara fangar. Í Fangelsinu Litla-Hrauni var t.d. almennt reykt í almenningi deilda þrátt fyrir að landslög bönnuðu það. Þegar ég spurði hverju þetta sætti að það væri látið afskiptalaust að fangar reyktu beint undir skilti þar sem segir að reykingar séu bannaðar var fát um svör annað en að það þýddi ekkert að vera að rexa í þessu. Þessu hefur nú verið breytt enda eru fangelsin rekin lögum samkvæmt og þau mega aldrei endurspegla virðingaleysi fyrir lögum og reglum í þjóðfélaginu.

En víkjum nú aftur að því að reyna að svara þeirri spurning hvaða kröfur og væntingar almenningur gerir til fangelsis og fangelsismálastofnunar.

Ljóst er að hinn almenni borgari ætlast til þess að afplánun fari fram með öruggum hætti. Hann vill vera óhultur fyrir brotamönnum og þá sér í lagi þeim sem teljast hættulegir. Öryggi hins almenna borgara þarf því að vera tryggt áður en hægt er að fara að huga að öðrum þáttum afplánunarinnar sjálfrar s.s. endurhæfingu. o.fl.

Eins og við vitum vistast fangar við mismunandi öryggisstig. Það mat framkvæma fangelsisfyrirvöld og því fylgir mikil ábyrgð. Menn verða að vera viðbúnir að axla þessa ábyrgð og viðbúnir miskunnarlausri gagnrýni almennings og fjölmiðla ef mistök verða. Alvarlegur glæpur eða alvarlegt stök úr fangelsi getur sett strik í reikninginn með stefnu í fangelsismálum. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja stöðugleika í þessum málaflokki og forðast skyndilausnir stjórnmálamanna vegna einstakra atvika. Slík upphlaup lenda óhjákvæmilega á þeim hluta fanga sem eru að reyna að bæta sig. Örfáir fangar geta því eyðilagt mikið fyrir mjög mörgum. Því þurfa fangelsisfyrirvöld að hafa skýra og

raunhæfa stefnu. Þau þurfa síðan stöðugt að sinna fræðslu og skapa traust. Endurbætur á fangelsiskerfinu þýðir ekki að ríkisstjórnin líti ekki glæpi alvarlegum augum. Þaðan af síður að ríkisstjórn taki hagsmuni fanga fram yfir hagsmuni brotþola. Við búum einfaldlega við það réttarfar að fangar snúa aftur út í samfélagið og ávinningur þess að þeir komi betri út ætti að vera augljós.

Við sem störfum í fangelsisgeiranum vitum að fangelsismál eru ekki framarlega á stefnuskrá stjórnmalaflokka og malaflokkurinn ekki vænlegur til pólitísku ávinnings. Við þurfum því sjálf að draga vagninn að miklum hluta. Okkur er því nauðsyn að gera okkur sýnileg í hinni daglegu umræðu. Ef okkur tekst að vekja áhuga almennings á málefnum er áhugi stjórnmalamanna vakinn. Það er hlutverk stjórnmalamanna að forgangsraða verkefnum og taka ákvarðanir og samkeppnin um fjárveitingar ríkisins er hörð. Upplýstur og áhugasamur almenningur auðveldar hins vegar t.d. dómsmálaráðherra að ná fram málum sem kosta mikið fé eins og byggingu fangelsa. Þrátt fyrir mikla velvild dómsmálaráðherra í okkar garð hefur höfuðáherslan ekki verið lögð á fangelsismálin. Saga byggingar nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu er til að mynda orðin 46 ára gömul og fjármagn hefur enn ekki verið tryggt. Þetta sýnir glögglega hversu lítinn þrýstikraft malaflokkurinn hefur.

Ég hef það á tilfinningunni að okkur hafi hér á landi tekist að breyta lítilsháttar viðhorfi almennings til fangelsismála og vekja áhuga. Áberandi er stefnubreyting hjá fjölmiðlum hvað varðar umfjöllun um fangelsismál. Mun jákvæðari tóna gætir nú en áður og ekki er sífellt verið að reyna að bregða fyrir okkur fæti og gera okkur tortryggileg í augum almennings. Við gerum okkur þó fyllilega grein fyrir að mikið verk er fyrir höndum. Mestu máli skiptir þó að það verk er hafið.